



Afkoma fyrstu níu mánuði ársins 2019

Íslandsbanki hf.



Helstu atriði í afkomu Íslandsbanka fyrstu 9 mánuði 2019 (9M19)

- Hagnaður eftir skatta nam 6,8 ma. kr. (9M18: 9,2 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár var 5,1% á ársgrundvelli. (9M18: 7,1%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 8,7 ma. kr. (9M18: 9,9 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 7,3% á ársgrundvelli (9M18: 9,0%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 25,2 ma. kr. (9M18: 23,6 ma. kr.) sem er 6,5% hækkun milli ára og var vaxtamunur 2,8% (9M18: 2,9%).
- Hreinar þóknatekjur voru 9,7 ma. kr. (9M18: 8,7 ma. kr.) sem er 11% hækkun frá 9M18.
- Virðisbreyting útlána var neikvæð um 2.078 m.kr. á tímabilinu samanborið við jákvæða virðisbreytingu um 1.881 m.kr. á 9M18.
- Stjórnunarkostnaður jókst um 3,0% milli ára og nam 20,8 ma. kr. (9M18: 20,2 ma. kr.).
- Kostnaðarlutfall samstæðu á tímabilinu var 61,3% samanborið við 65,6% á sama tímabili 2018, en kostnaðarlutfall móðurfélags var 55,3% sem er við 55% langtímamarkmið bankans.
- Útlán til viðskiptavina jukust á tímabilinu og voru 909,2 ma. kr. í lok september. Ný útlán á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 voru 162,7 ma. kr. og dreifðust á milli viðskiptaeininga bankans.
- Innlán frá viðskiptavinum voru 610,3 ma. kr. í lok september sem er 5,4% aukning frá áramótum.
- Lausafjárstaða bankans er sterk, bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum, og umfram kröfur eftirlitsaðila sem og innri viðmið. Eiginfjárlutföll eru sterk og í takt við langtímamarkmið bankans.

Helstu atriði í afkomu þriðja ársfjórðungs

- Hagnaður eftir skatta var 2,1 ma. kr. (3F18: 2,1 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár 4,7% á ársgrundvelli (3F18: 4,9%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 3,0 ma. kr. (3F18: 2,9 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 7,9% (3F18: 8,1%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 8,4 ma. kr. (3F18: 8,3 ma. kr.) og var vaxtamunur 2,7% (3F18: 3,0%).
- Hreinar þóknatekjur voru 3,1 ma. kr. (3F18: 2,9 ma. kr.).

Lykiltölur

		9M19	9M18	3F19	3F18	2018
REKSTUR	Arðsemi eigin fjár 16% CET1 (af reglulegri starfsemi) ¹	7,3%	9,0%	7,9%	8,1%	8,0%
	Arðsemi eigin fjár (eftir skatta)	5,1%	7,1%	4,7%	4,9%	6,1%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,8%	2,9%	2,7%	3,0%	2,9%
	Kostnaðarhlutfall ²	61,3%	65,6%	59,7%	62,1%	66,3%
	Hagnaður eftir skatta, ISK m	6.795	9.241	2.086	2.111	10.645
	Hagnaður af reglulegri starfsemi, ISK m ³	8.692	8.979	2.986	2.928	12.042
		30.09.2019	30.06.2019	31.3.2019	31.12.2018	30.09.2018
EFNAHAGUR	Eignir samtals, ISK m	1.233.855	1.229.976	1.205.228	1.130.403	1.162.639
	Útlán til viðskiptavina, ISK m	909.175	894.446	873.530	846.599	835.582
	Innlán frá viðskiptavinum, ISK m	610.281	615.869	611.303	578.959	608.646
	Innlán frá viðskiptavinum / útlán til viðskiptavina	67,1%	68,9%	70,0%	68,4%	72,8%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, ISK m	177.984	175.784	173.621	176.313	174.630
	Eiginfjárlutfall þáttar 1	19,0%	18,8%	19,1%	20,3%	19,9%
	Eiginfjárlutfall	21,4%	21,4%	20,9%	22,2%	21,7%
	Vogunarlutfall	13,6%	13,4%	13,5%	14,6%	14,0%

1. Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af CET1 16% eigin fé, leiðréttur fyrir áhættulausum vöxtum á umfram eigin fé.
2. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta – einskíptisliðir) / (Heildarreksstrækjur – einskíptisliðir)
3. Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður að undanskildum einskíptiskostnaði, til dæmis bankaskatti, auk annarra óreglulegra tekna og kostnaðar.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Á fyrstu níu mánuðum ársins var góður vöxtur í þóknatekjum (11%) og vaxtatekjum (6,5%) frá sama tímabili í fyrra auk þess sem lánabók bankans óx um 7,4%.

Neikvæðar virðisbreytingar, sem meðal annars má rekja til þess að nokkuð hefur hægt á efnahagslífinu, hafa þó vissulega dregið úr afkomunni og er arðsemi eigin fjár tímabilsins undir markmiðum bankans.

Ánægjulegt er þó að kostnaðarhlutfall bankans hefur farið lækkandi á tímabilinu samanborið við sama tíma í fyrra. Sé eingöngu horft til móðurfélags bankans er hlutfallið nú rétt við 55% langtímamarkmið bankans en áfram verður unnið að því að auka hagkvæmni í rekstri.

Lausafjárstaða bankans er sem fyrr sterk og vel yfir kröfum eftirlitsaðila auk þess sem eiginfjárlutfall er við langtímamarkmið bankans.

Ánægjulegt er að nefna að á dögnum veittum við 30,5 milljónum króna í styrki til 9 verkefna úr Frumkvöðlasjóði bankans. Við val af styrkþegum var horft til verkefna sem stuðla að framgangi þeirra fjögurra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem bankinn hefur ákveðið að starfa eftir í stefnu sinni.

Við höfum einsett okkur að vera jákvætt hreyfiafl í samfélaginu og munum áfram leggja okkur öll fram við að vera leiðandi í þeim efnum.



Helstu atriði úr rekstri fyrstu 9 mánaða ársins (9M19)

- Ný sjálfvirk húsnæðislánaúslausn Íslandsbanka var kynnt í ágúst. Nú er hægt er að sækja um greiðslumat á vef Íslandsbanka og fá svar um greiðslugetu um leið.
- Í júní gaf bankinn út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 500 m. sænskra króna til 10 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5 ár (1ONC5). Þetta var þriðja víkjandi skuldabréfaútgáfa Íslandsbanka. Með þessari útgáfu náði bankinn markmiði sínu um útgáfu á Tier 2 skuldabréfum og var þetta mikilvægur áfangi í uppbyggingu á langtíma eiginfjár samsetningu bankans.
- Íslandsbanki birti skýrslur um íslenska ferðapjónustu í maí og íslenskan íbúðamarkað í október.
- Íslandsbanki birti nýja þjóðhagsspá „Hvert fór kreppan?“ í september í tengslum við árlegt Fjármálaping bankans á Hilton Nordica.
- Riaan Dreyer var ráðinn nýr framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka.
- Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings staðfesti lánshæfismat Íslandsbanka BBB+/A2 í júlí en breytti jafnframt horfum úr stöðugum í neikvæðar.
- Í ágúst funduðu Samtök norrænna forstjóra um sjálfbæra framtíð í Reykjavík með forsætisráðherrum Norðurlanda þar sem rætt var um sameiginlegar áskoranir ríkjanna um sjálfbærni. Íslandsbanki er stoltur aðili að samtökunum.
- Reykjavíkurlimarabon Íslandsbanka var haldið 24. ágúst. 15 þúsund hlauparar söfnuðu 167 m.kr. til góðra málefna í þessum stærsta góðgerðaviðburði Íslands.
- Í október lækkaði FME lágmarkskröfu um eigið fé Íslandsbanka úr 19,3% í 18,8%. Lækkunin er rakin til lægri áhættu í rekstri bankans.

REKSTRARREIKNINGUR

m.kr	9M19	9M18	Δ	3F19	3F18	Δ
Hreinar vaxtatekjur	25.190	23.643	1.547	8.412	8.301	111
Hreinar þóknatekjur	9.713	8.749	964	3.090	2.939	151
Hreinar fjármunatekjur	23	(325)	348	(598)	(420)	(178)
Hreinn gengismunur	46	(75)	121	147	(8)	155
Aðrar rekstrartekjur	1.217	1.664	(447)	44	64	(20)
Rekstrartekjur samtals	36.189	33.656	2.533	11.095	10.876	219
Laun og launatengd gjöld	(12.083)	(11.453)	(630)	(3.720)	(3.501)	(219)
Annar rekstrarkostnaður	(8.698)	(8.732)	34	(2.698)	(2.962)	264
Stjórnunarkostnaður	(20.781)	(20.185)	(596)	(6.418)	(6.463)	45
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(720)	(874)	154	(210)	(295)	85
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(2.714)	(2.541)	(173)	(900)	(944)	44
Rekstrargjöld samtals	(24.215)	(23.600)	(615)	(7.528)	(7.702)	174
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna	11.974	10.056	1.918	3.567	3.174	393
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(2.078)	1.881	(3.959)	(230)	(53)	(177)
Hagnaður fyrir skatta	9.896	11.937	(2.041)	3.337	3.121	216
Tekjuskattur	(3.071)	(3.616)	545	(1.292)	(1.136)	(156)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6.825	8.321	(1.496)	2.045	1.985	60
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	(30)	920	(950)	41	126	(85)
Hagnaður tímabilsins	6.795	9.241	(2.446)	2.086	2.111	(25)

Hækkun á heildartekjum miðað við sama tímabil í fyrra

- Heildartekjur á fyrstu 9 mánuðum ársins hækkðu um 7,5% milli ára og námu 36,2 ma. kr.
- Hreinar vaxtatekjur voru 25,2 ma. kr. og jukust um 6,5% milli ára sem skýrist aðallega af útlánavexti. Vaxtamunur var 2,8% sem er sambærilegt við 9M18. Þess er vænst að vaxtamunur haldist rétt undir 3,0% til skamms og meðallangs tíma.
- Hreinar þóknatekjur voru 9,7 ma. kr. samanborið við 8,7 ma. kr. á sama tímabili í fyrra sem er hækkun um 11% milli ára. Skýrist þetta meðal annars af hærri þóknunum hjá einu dótturfyrirtæki bankans.
- Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknatekjur) mynduðu 96,4% af heildarrekstrartekjum á fyrstu 9 mánuðum ársins. Bankinn leggur áfram ríka áherslu á að viðhalda sterkum grunntekjum og stöðugu tekjustreymi til lengri tíma.
- Hreinar fjármunatekjur voru jákvæðar um 23 m.kr. á 9M19, samanborið við 325 m.kr. tap á 9M18.
- Aðrar rekstrartekjur námu 1,2 ma. kr. á 9M19, samanborið við 1,7 ma. kr. á 9M18 og eru aðallega tilkomnar vegna samkomulags bankans við gamla Byr um virði útlánasafns þess síðarnefnda við yfirtöku Íslandsbanka á Byr árið 2011.

Kostnaðarhlutfall fer lækkandi og móðurfélag við 55% markmið.

- Stjórnunarkostnaður jókst um 596 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem samsvarar 3% hækkun milli tímabila.
- Fjöldi starfsmanna í móðurfélagi fyrir utan árstíðabundna starfsmenn var 784 í lok tímabilsins (9M18: 835) og 1.022 hjá samstæðu (9M18: 1.075).
- Kostnaðarhlutfall samstæðu í lok september var 61,3% samanborið við 65,6% á 9M18 en bankaskattur og einskiptiskostnaður eru undanskildir við útreikning kostnaðarhlutfalls. Kostnaðarhlutfall móðurfélags var 55,3% sem er við 55% langtímamarkmið bankans.
- Tap af aflagðri starfsemi eftir skatta var 30 m.kr. á 9M19 samanborið við 920 m.kr. hagnað á 9M18.

Neikvæð virðisbreyting útlána endurspeglar breyttar efnahagshorfur

- Hrein virðisbreyting útlána var neikvæð um 2.078 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins samanborið við 1.881 m.kr. jákvæða virðisbreytingu á 9M18. Þessi breyting er að mestu tilkomin vegna aukinnar virðisrýrnunar hjá tilteknum viðskiptavinum, versnandi efnahagshorfa og óhagstæðrar niðurstöðu í dómsmáli.

Skattar og gjöld hafa áfram mikil áhrif á hagnað og arðgreiðslugetu

- Tekjuskattur tímabilsins var 3,1 ma. kr. samanborið við 3,6 ma. kr. á 9M18. Virkur tekjuskattur var 31,0%, samanborið við 30,3% á 9M18. Bankaskatturinn var 2.714 m.kr. á 9M19, samanborið við 2.541 m.kr. á 9M18. Bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Fjármálaeftirlitsins (FME) og til umboðsmanns skuldara. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á fyrstu 9 mánuðum ársins var 720 m.kr. sem er lækkun um 154 m.kr. frá fyrra ári. Heildarskattar og gjöld voru 7,5 ma. kr. á 9M19 samanborið við 7,6 ma. kr. 9M18.

Eignasafn bankans sterkt í alþjóðlegum samanburði

- Í lok september 2019 var hlutfall lána með laskað lánshæfi 2,3% hjá Íslandsbanka miðað við 3,0% vegið meðaltal hjá evrópskum bönkum (miðað við lok júní 2019). Ef miðað er við gæði lánasafns fyrir útlán til viðskiptavina, var vanskilahlutfall 2,8% í lok september.

Hagnaður markast af neikvæðri virðisbreytingu útlána

- Hagnaður eftir skatta var 6,8 ma. kr. á 9M19 (9M18: 9,2 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár eftir skatt var 5,1% á ársgrundvelli á 9M19 (9M18: 7,1%). Hagnaður af reglulegri starfsemi var 8,7 ma. kr. (9M18: 9,9 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 7,3% á 9M19, samanborið við 9,0% á 9M18. Hagnaður af reglulegri starfsemi dróst saman um 1,2 ma. kr. milli ára sem skýrist af aukinni virðisrýrnun útlána.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir – áframhaldandi stöðugur vöxtur útlána til viðskiptavina og stærri efnahagsreikningur

- Heildareignir jukust um 9,2% frá áramótum í 1.234 ma. kr. Útlán til viðskiptavina jukust um 7,4% eða 62,6 ma. kr. Útlánaaukningin var þvert á viðskiptaæiningar bankans en mest til stærri fyrirtækja. Húsnæðislán jukust um 18,5 ma. kr. frá árslokum 2018. Ný útlán voru 162,7 ma. kr. á 9M19, samanborið við 175,6 ma. kr. á sama tíma í fyrra sem er 7,3% lækkun. Útlán til ferðaþjónustu hafa lækkað lítillega og eru nú 11% af vel dreifðu heildarlánasafni.
- Útlán eru almennt með traust veð og eru fasteignir ennþá mikilvægasta tegund trygginga bankans. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðislánasafns bankans var 61% í lok september 2019 og er óbreytt frá lokum árs 2018.
- Veðsetningarhlutfall bankans var 17,6% í lok september 2019 samanborið við 18% í lok árs 2018.
- Þrir liðir, handbært fé og innstæður hjá Sí, skuldabréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana nema samtals u.þ.b. 269 ma. kr. og af því eru 230 ma. kr. laust fé.

EGNIR, m.kr.	30.09.2019	31.12.2018	Δ
Handbært fé og innstæður hjá Sí	129.115	135.056	(5.941)
Útlán til lánastofnana	66.409	41.577	24.832
Skuldabréf og skuldagerningar	73.899	69.415	4.484
Afleiðusamningar	5.438	4.550	888
Útlán til viðskiptavina	909.175	846.599	62.576
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	19.200	13.074	6.126
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	687	682	5
Rekstrarfjármunir	9.442	5.271	4.171
Óefnislegar eignir	4.709	5.002	(293)
Aðrar eignir	15.781	9.177	6.604
Egnir	1.233.855	1.130.403	103.452

Skuldir – farsæl fjármögnun með innlánnum og á markaði

- Heildarskuldir námu 1.056 ma. kr. sem er 10,7% hækkun frá áramótum. Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu og voru lausafjárhlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Í lok september var lausafjárhlutfall (LCR) 174% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum, 484% í erlendum gjaldmiðlum eingöngu og 103% í íslenskum krónum. Hlutfall stöðugar fjármögnunar (NSFR) var 117% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum og 163% í erlendum gjaldmiðlum.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 5,4% frá áramótum í 610 ma. kr. Innlán eru stærsti fjármögnunarliður bankans og er vel fylgst með samþjöppunaráhættu. Hækkunin er aðallega vegna innflæðis frá lífeyrissjóðum og stofnanafjárfestum. Hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum til viðskiptavina lækkaði í 67,1% í lok september, samanborið við 68,4% í lok árs 2018.


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	30.09.2019	31.12.2018	Δ
Innlán Sí og lánastofnana	31.808	15.619	16.189
Innlán viðskiptavina	610.281	578.959	31.322
Afleiðusamningar og skortstöður	7.910	5.521	2.389
Lántaka	331.938	300.976	30.962
Víkjandi lán	21.993	16.216	5.777
Skattskuldir	10.127	7.150	2.977
Aðrar skuldir	41.814	29.649	12.165
Skuldir	1.055.871	954.090	101.781
Eigið fé	177.984	176.313	1.671
Skuldir og eigið fé	1.233.855	1.130.403	103.452

- Í júní gaf bankinn út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 500 m. sænskra króna til 10 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5 ár (10NC5). Þetta var þriðja víkjandi skuldabréfaútgáfa Íslandsbanka. Með þessari útgáfu náði bankinn markmiði sínu um útgáfu á Tier 2 skuldabréfum og var þetta mikilvægur áfangi í uppbyggingu á langtíma eiginfjár samsetningu bankans.
- Bankinn gaf einnig út 300 m. evra skuldabréf í byrjun apríl 2019 með 130 punkta álagi yfir þriggja mánaða millibankavöxtum í evrum. Samhliða útgáfunni keypti bankinn til baka 300 m. evra af 500 m. evra skuldabréfi sem er á gjalddaga árið 2020 með það að markmiði að minnka endurgreiðsluáættu.


Eigið fé

- Heildar eigið fé bankans nam 178 ma. kr. í lok september 2019 samanborið við 176,3 ma. kr. í lok árs 2018, þar af er hlutdeild minnihluta 2,4 ma. kr. Á aðalfundi bankans í mars 2019 var samþykkt að greiða 5,3 ma. kr. af hagnaði ársins 2018 í arð til hluthafa. Nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. í lok september 2019 og hlutfé var 65 ma. kr.
- Eiginfjárhlutfall bankans var 21,4% í lok september 2019 samanborið við 22,2% í lok árs 2018 sem er í takt við langtímamarkmið bankans. Eiginfjárhlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 19,0% í lok september samanborið við 20,3% í árslok 2018. Í október 2019 lækkaði Fjármálaeftirlitið heildarkröfu um eiginfjárgrunn úr 19,3% í 18,8% sem er til marks um að dregið hafi úr áhættu í rekstri bankans.
- Í ljósi breytinga á eiginfjárkröfu og efnahagssumhverfi ákvað bankinn að aðlaga stjórnendaukann úr 0,5%-1,5% í 0,5-2,0%. Fyrr á árinu hækkaði Fjármálaeftirlitið sveiflujöfnunarauka um 0,5% í 1,75% og tók sú hækkun gildi í maí 2019. Ætlunin er að hækka aukann frekar um 0,25% í febrúar 2020.


Áhættuvegnað eignir á móti heildareignum (ma. kr.)



Vogunarlutfall



Eiginfjárlutfall



- Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnað eignir sem námu 912,8 ma. kr. í lok september 2019, eða 74% af heildar eignum. Vogunarlutfallið í lok september var 13,6% samanborið við 14,6% í lok árs 2018 og telst það hóflegt í alþjóðlegum samanburði.

Lánshæfismat

- Íslandsbanki er með lánshæfismat frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu S&P Global Ratings og í júlí 2019 staðfesti S&P lánshæfismat Íslandsbanka í BBB+/A-2 en breytti horfum úr stöðugum í neikvæðar.
- Í rökstuðningi sínum vísar S&P til þess að Íslandsbanki sé með stöðuga markaðshlutdeild á innlendum markaði og hafi náð góðum árangri á sviði stafrænnar þróunar og upplýsingatækni þar sem hann standi framur en margir erlendir bankar. Bankinn sé jafnframt með sterka lausa- og eiginfjárstöðu auk þess sem lánasafn hans sé traust.
- Ástæður S&P fyrir breytingu á horfum má meðal annars rekja til krefjandi rekstrarumhverfis fyrir íslenskar bankastofnanir sem einkennist af kólnandi hagkerfi, lækkandi vaxtaumhverfi, hárrar skattlagningar og ójafnrar samkeppnisstöðu við íslenska lífeyrissjóði en allt þetta hafi leitt til lækkandi arðsemi hjá íslenskum bönkum.



FJÁRFESTATENGL

Símafundur með fjárfestum á ensku kl. 9.00
fimmtudaginn 31. október

Símafundur með markaðsaðilum vegna uppgjörs
verður haldinn 31. október kl. 9:00. Farið verður
yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og
afkomu bankans. Fundurinn verður á ensku.

Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með því
að senda póst á: ir@islandsbanki.is. Fundargögn
og aðgangsorð vegna símafundar verða send út
til skráðra aðila fyrir fundinn.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árs- og árshlutauppgjörs á
neðangreindum dagsetningum:

Ársuppgjör 2019 – 12. febrúar 2020

Aðalfundur – 19. mars 2020

Árshlutauppgjör 1F20 – 6. maí 2020

Árshlutauppgjör 2F20 – 29. júlí 2020

Árshlutauppgjör 3F20 – 28. október 2020

Athugið að dagsetningar eru birtar með
fyrirvara um breytingar

Frekari upplýsingar

Öll gögn tengd uppgjöri ásamt upplýsingum um fjárhagsdagatal og þögul tímabil má finna hér:
<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/fjarfestatengl>.